

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 271. FUNDUR.

271. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. maí 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður og Magnús Eðvaldsson, varamaður

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að taka á dagskrá undir 6. dagskrárlið fundargerð 36. fundar ungmennaráðs. Samþykkt með 7 atkvæðum.

## 1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og undirfyrirtækja 2015. Síðari umræða.

Oddviti Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan ársreikning sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2015“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra er afar ánægð með niðurstöðu ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2015. Árið 2015 markaði upphaf mestu framkvæmda í sveitarfélaginu um árabíl en þrátt fyrir þá miklu fjárfestingu er rekstur sveitarfélagsins í góðu jafnvægi. Afgangur frá rekstri samstæðu A og B hluta var samtals 82,8 millj. kr. samanborið við jákvæða afkomu ársins 2014 að fjárhæð kr. 102 millj.

Niðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um kr. 60,3 millj. en hafði verið áætluð neikvæð um 0,2 millj. kr. Niðurstaða samstæðu A og B hluta er sem áður segir jákvæð um kr. 82,8 millj. en hafði verið áætluð jákvæð um 4,3 millj. kr. Rekstrarhagnaður A og B hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er kr. 151,5 millj. Afskriftir námu alls kr. 44,9 millj. Rekstrartekjur voru um 66,4 millj. kr. hærrí en ráð var fyrir gert, útsvar er 6 millj. kr. lægra en í áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs eru kr. 50,7 millj. hærrí en í áætlun og aðrar tekjur kr. 21,6 millj. hærrí. Rekstargjöld eru 6 millj. kr. lægri en áætlun ársins gerði ráð fyrir þrátt fyrir miklar afturvirkar launahækkningar og einnig hækkun lífeyrisskuldbindinga sem voru 14,3 milljónum hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna breytinga á útreikning lífeyrisskuldbindinga sem gerir ráð fyrir hærrí lífaldri lífeyrisþega. Almennur rekstur var undir áætlun. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur hjá A og B hluta námu alls kr. 20,2 millj. samanborið við 12 millj. árið 2014, 32 millj. árið 2013 og 39 millj. árið 2012.

Sé litið til niðurstöðu ársreiknings ársins 2015 hafa markmið sveitarstjórnar Húnaþings vestra um áframhaldandi ábyrga fjármálastjórn náðst og er það afar ánægjulegt. Á undanförunum árum hafa lántökur sveitarfélagsins verið í lágmarki og áhersla lögð á að greiða niður skuldir. Vegna framkvæmda ársins 2015 voru tekin ný lán að upphæð 50 milljónir króna. Engar lántökur eru fyrirhugaðar á árinu 2016.

Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins á árinu 2015 eru alls kr. 806 millj. og hafa þær hækkað frá árinu 2014 um kr. 49 millj. Lífeyrisskuldbindingar nema í árslok 2015 kr. 120 millj. langtímaskuldir kr. 473 millj. og skammtímaskuldir eru kr. 212,8 millj. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2015 nam kr. 1.011,3 millj og hækkar sem nemur hagnaði ársins um kr. 82,8 millj. Handbært fé í árslok 2015 var kr. 169,8 millj. en var í upphafi árs kr. 203,7 millj. Fjárfestingar ársins 2015 voru kr. 184 millj samanborið við 134,6 millj árið 2014. Hlutfall veltufjár frá rekstri samstæðunnar er 12% en var 14% árið 2014, en viðmið sem gjarnan er haft til hliðsjónar er 10%.

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur náð eftirlit með fjármálum sveitarfélaga í landinu. Samkvæmt viðmiðum nefndarinnar hefur hún afskipti af þeim sveitarfélögum þar sem hlutfall skulda og skuldbindinga af samanlögðum tekjum A og B hluta er umfram 150%. Í Húnaþingi vestra er þetta hlutfall nú 63% skv. ársreikningi 2015 en var 60% á árinu 2014 og 64% á árinu 2013. Meðal skuldahlutfall sveitarfélaga skv. samantekt innanríkisráðuneytisins á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2015 var um 168% í A og B hluta. Lágt skuldahlutfall er grunnforsenda þess að á næstu árum verði hægt að halda áfram með þær fjárfreku framkvæmdir sem settar hafa verið á áætlun svo sem lagningu hitaveitu til sveita og stækkun íþróttahúss.

Það er því ljóst að staða sveitarfélagsins er góð og í jafnvægi þrátt fyrir stórauknar framkvæmdir, hátt þjónustustig í sveitarfélaginu sem og aukinn kostnað sveitarfélaga almennt. Þessi góða staða er ekki sjálfgefin og vill sveitarstjórn þakka stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir aðhald og skynsemi í rekstri á árinu 2015.

Þrátt fyrir þessa prýðilegu niðurstöðu ársreiknings Húnaþings vestra fyrir árið 2015 er full ástæða til að vara við mögulegum áhrifum ytri þátta á framtíðarrekstur sveitarfélagsins. Nokkur óvissa eru um marga áhrifaþætti svo sem verðbólgu- og launaþróun sem og vaxtastig en þá þætti þarf sveitarstjórn m.a. að hafa í huga við ákvarðanatöku um rekstur og fjárfestingar á næstu árum. Afar brýnt er að varðveita þann góða árangur sem náðst hefur í fjármálastjórn sveitarfélagsins á síðustu árum og forðast að auka rekstrarkostnað og skuldasöfnun með tilheyrandi fjármagnsgjöldum og kostnaði. Eftirsóknarverðara er að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélagsins enn frekar og lækka greiðslu og vaxtabyrði eins og kostur er. Þannig er hægt að leggja grunn að aukinni getu sveitarfélagsins til fjárfestinga og framkvæmda ásamt því að bjóða áfram fjölbreytta og góða þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins.

## **2. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.**

**Fundargerð 903. fundar** frá 27. apríl sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

**Fundargerð 904. fundar** frá 2. maí sl. Fundargerð í 16. liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

### **3. Fundargerð skipulags- og umhverfisstjórnar, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 267. fundar** frá 4. maí sl. Fundargerð í 12 liðum

Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 1. liðar „Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 austan Norðurbrautar, sem felur í sér að hluti af opnu svæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði vestan við lóð sláturhússins. Skipulag lýsing fyrir breytinguna var auglýst til umsagnar skv. 1.mgr.30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 13. apríl 2016 til 27 apríl 2016 og voru innsendar umsagnir lagðar fyrir fundinn.

Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags- og umhverfisstjórn 4. maí 2016 og kynnt í Ráðhúsi Húnaþings vestra frá 6. – 11. maí 2016. Sveitarstjórn samþykkir breytinguna og sendir Skipulagsstofnun hana til athugunar skv. 30.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010“. Borinn undir atkvæði 1. dagskrárlíður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárlíður og samþykktur með 7 atkvæðum

Borinn undir atkvæði 12. dagskrárlíður og samþykktur með 7 atkvæðum

Aðrir dagskrárlíðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 268. fundar frá 11. maí sl. Fundargerð í 1 lið.**

Fram lögð eftirfarandi tillaga vegna 1. dagskrárlíðar. „Skipulags- og umhverfisstjórn samþykkti framlagða tillögu fyrir sitt leiti um breytingu á gildandi deiliskipulagi austan við Norðurbraut og vísaði til afgreiðslu sveitarstjórnar. Breytingin nær til svæðis vestan við lóð sláturhússins. Skipulagsgögnin eru breytingaruppdráttur, skýringaruppdráttur og greinargerð dags.

11.5.2016. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum lóðum sem eru ætlaðar fyrir byggingar fyrir verslun og þjónustu á einni hæð. Aðkoma verður annars vegar úr norðri frá aðkomu að sláturhúsalóð og að sunnan frá Hvammavegi. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi austan Norðurbrautar til auglýsingar skv. 43.gr. skipulagslaga nr. 123 /2010 samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið þegar fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar um aðalskipulagsbreytinguna.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

### **4. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 170. fundar** frá 27. apríl sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

### **5. Fundargerðir fræðsluráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 171. fundar** frá 27. apríl. sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

**Fundargerð 172. fundar** frá 4. maí sl. Fundargerð í 3. liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **6. Fundargerðir ungmennaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 35. fundar** frá 19. apríl sl. Fundargerð í 4. liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 36. fundar** frá 10. maí sl. Fundargerð í 4. liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 7. Skýrsla sveitarstjóra

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:10

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Magnús Eðvaldsson.

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir

---

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.